



Fundur háskólaráðs 22. ágúst 2002

Fundargerð

Málsnúmer: HI02010041

Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir, dagskrár og framlögð gögn

Eigandi skjals: Jórunn Valdimarsdóttir

Staða: Fært í skjalasafn

Dagsetningar:

Búið til: 19.08.2002

Dags: 22.08.2002

Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands (600169 2039)

101 REYKJAVÍK

Sími: 525 4302/4303/4041

Fax: 525 4038

13/2002

HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2002, fimmtudaginn 22. ágúst var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 13.30. Áður en gengið var til dagskrár bauð rektor nýtt háskólaráð velkomið til starfa.

Mættir voru: Páll Skúlason, Hörður Sigurgestsson, Anna Soffía Hauksdóttir, Hjalti Hugason, Þórður Harðarson, Davíð Gunnarsson, María Guðmundsdóttir, Viðar Már Matthíasson, Ármann Höskuldsson.

Á fundinum var vikið frá venjulegum fundarsköpum og mál á dagskrá tekin fyrir fyrst, en síðan gengið til annarra dagskrárliða.

1. Mál til fróðleiks

1.1 Lagt fram yfirlit um nefndir, starfshópa og stjórnir stofnana sem heyra undir háskólaráð ásamt skipunartíma.

1.2 Lagt fram rekstraryfirlit Háskóla Íslands 1. janúar 2002 – 30. júní 2002.

2. Erindi til háskólaráðs

2.1 Lagðar fram tilnefningar félagsvísindasviðs og heilbrigðissviðs í fjármálanefnd háskólaráðs ásamt erindisbréfi fjármálanefndar.

Félagsvísindasvið: Sameiginleg tilnefning laga-, viðskipta- og hagfræði- og félagsvísindadeilda.

Aðalfulltrúi: Jörgen Pind, prófessor í félagsvísindadeild.

Varafulltrúi: Gylfi Magnússon, dósent í viðskipta- og hagfræðideild.

Heilbrigðissvið: Sameiginleg tilnefning lækna-, lyfjafræði-, tannlækna-, og hjúkrunarfræðideilda.

Aðalfulltrúi: Kristín Ingólfssdóttir, prófessor í lyfjafræðideild.

Varafulltrúi: Rúnar Vilhjálmsson, prófessor í hjúkrunarfræðideild.

- Samþykkt einróma.

2.2 Tilnefning tveggja fulltrúa Háskóla Íslands og tveggja til vara í stjórn Landsbókasafns Íslands-Háskólabókasafns frá 1. september 2002 til 31. ágúst 2006.

Rektor lagði til að háskólaráð tilnefndi Önnu Soffíu Hauksdóttur prófessor og Hjaltu Hugason prófessor, og varamenn þeirra í háskólaráði til vara, sem fulltrúa Háskóla Íslands í stjórn Landsbókasafns Íslands-Háskólabókasafns.

2.3 Lögð fram tillaga lagadeildar um breytingu á ákvæðum XII. kafla reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000, ásamt tillögum að reglum fyrir nám til prófgráðunnar “LL.M. in International and Environmental Law”, sbr. samþykkt deildarfundar lagadeildar 2. júlí sl. Tillaga lagadeildar um breytingu á ákvæðum XII. kafla reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000.

- Samþykkt einróma, en síðari hluta tillögunnar um LL.M.-nám frestað.

2.4 Lagt fram erindi Elínar Lóu Kristjánsdóttur, dags. 3. ágúst 2002, vegna beiðni hennar um undanþágu til innritunar í Háskólann.

- Frestað.

3. Mál á auglýstri dagskrá

3.1 Kjör varaforseta háskólaráðs.

Rektor bar upp tillögu um að Anna Soffía Hauksdóttir prófessor, fulltrúi verkfræðideildar og raunvísindadeildar, verði kosin varaforseti háskólaráðs.

- Samþykkt samhljóða.

3.2 Fundaáætlun háskólaráðs á haustmisseri 2002.

Rektor reifaði framlagt minnisblað um fundaáætlun háskólaráðs á haustmisseri 2002 o.fl.

3.3 Háskóli Íslands og hlutverk háskólaráðs. Heildaráætlun H.Í. Kynning og umræða.

Rektor fór yfir hlutverk háskólaráðs eins og það er skilgreint í II. kafla laga um Háskóla Íslands nr. 41/22. mars 1999 og I. hluta I. kafla reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000. Málið var rætt ítarlega og komið inn á ýmis mikilvæg viðfangsefni ráðsins, s.s. fjármál Háskólans, húsnæðis- og byggingamál, nemendafjöldi og samkeppnisstöðu skólans, gæðamál og samskipti Háskólans og stjórnvalda.

Þá voru lögð fram til kynningar drög að kynningarbæklingi um uppbyggingu Háskóla Íslands, markmið og aðgerðir 2002-2005, sem verður bráðlega kynntur fyrir starfsfólki Háskólans, almenningi og fjölmiðlum.

4. Önnur mál

4.1 Kauptilboð Háskóla Íslands í fasteign Íslandspóstshf. að Hofsvallagötu 53.

Rektor reifaði málið, en sameining lyfjafræðigreina við Háskóla Íslands undir einu þaki er mikið framfaraspor fyrir fræðigreininna.

- Samþykkt einróma að heimila rektor að gera kauptilboð í fasteignina með fyrirvara um lagaheimild.

Fleira var ekki gert.
Fundu slitið kl. 15.40